

Fundargerð 87. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 06. nóvember 2014 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Sævar Örn Kristjánsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Gunnar S. Gunnarsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Guðmundur Sigurvinnsson, Gylfi Ingvarsson og Guðni Þór Elisson

Fjarverandi: Andrés Bjarnason og Jón Jóhannsson

Dagskrá :

- 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 86.** Fundargerð samþykkt og undirrituð.
- 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála**
 - Fundur í fulltrúaráði VM, 49 voru boðaðir, 11 mættu og 5 boðuðu forföll. Breytingar á fulltrúaráðinu eru ekki að skila sér eins og við vonuðum.
 - Fundur samninganefnda með SA. Ekkert sem kom á óvart á þessum fundi. Þeir frá SA tóku lítið undir það sem við höfðum að segja. Tilfinningin eftir fundinn þeim væri bara alveg sama og ætluðu ekki að semja beint við okkur.
 - Vinnustaðafundir eru byrjaðir og búið að heimsækja HS – Orku og Ísal, framundan er að fara á sem flesta staði og það fyrir áramót. Það gengur samt mjög illa að fá þessa vinnustaðafundi, virðist ekki mikill áhugi. Menn segja að það hafi verið 10% launaskrið í smiðjum og vonandi kemur það fram í launakönnuninni sem er í gangi núna.
 - Úrskurðarnefnd og Verðlagsstofa farin að virka betur en áður. Verðlagsstofan farin að vísa sjálf eftir að VM fékk það í gegn að fyrirtækin skiluðu einu verði fyrir bræðslu og öðru fyrir vinnslu
 - Sameining lífeyrissjóða heldur áfram, Lífeyrissjóður Vestfirðinga er að sameinast Gildi.
 - Tilsvör forystumanna ríkisstjórnarinnar farin að valda áhyggjum og furðu.
- 3. 41. þing ASÍ.** Þingið gekk bara vel og ekki margt um það að segja. Á heimasíðu ASÍ eru ályktanirnar sem voru samþykktar á þinginu. Fundarmenn voru spurðir hvort það hefði verið eitthvað sem kom meira á óvart en annað og töldu menn það ekki vera.
- 4. Nefndir ASÍ.** Lagt var fram minnisblað, reglur og listi yfir mönnun nefnda hjá ASÍ. Engar tillögur hafa komið frá hinum félögunum um breytingar á nefndunum. Tillögur komu um breytingu og var hún samþykkt. Óskað var eftir fundargerðir lífeyrisnefndarinnar ef það væri mögulegt. Formaður skoðar málið

5. **Hvítbók – Starfsmenntun.** Lögð var fram samantekt frá samráðsfundi um umbætur í starfsmenntun og fleiri upplýsingar. Frestur til að svara spurningum úr Hvítbók er til 4. des. og er búið að halda einn fund í ASÍ vegna þessa. Þar voru menn sammála um að vinna saman að því að svara, sterkara að allir standi saman.
6. **Nefndir VM.** Lagður var fram lista yfir fagnefnd sjómanna. og kallað eftir að stjórnarmenn samþykktu þennan lista. Listinn var samþykktur.
7. **Mönnunarnefnd.** Góð vinna er hafin í sambandi við mönnunarnefnd og eru menn að ná að vinna plögg um skipin. Þrælsóttinn hjá vélstjórunum á skipunum er orðinn algjör og allsráðandi þannig að menn samþykkja allt til að halda vinnunni. Ekki góð þróun.
8. **Reglugerð vinnudeilusjóðs.** Reglugerðin var lögð fram á síðasta fundi og engar athugasemdir hafa borist. Spurt var hvort laun úr vinnudeilusjóði væru skattskyld þar sem þau eru greidd af félagsgjaldinu. Málið verður kannað.
9. **Laganefnd.** Tillöga að breytingu á laganefnd félagsins var send út fyrir fundinn og er nú borinn upp til samþykktar. Ein athugasemd kom og var tillagan samþykkt með breytingunni sem fram kom.
10. **Málefni sjómannadagsráðs.** Tillaga sem stjórn VM lagði fram á haustfundi sjómannadagsráðs var vísað til stjórnar ráðsins. Geri stjórn sjómannadagsráðs ekkert með hana fram að næsta aðalfundi getum við lagt hana fram aftur til samþykktar. Okkar maður í fulltrúaráðinu er búinn að segja af sér.
11. **Samanburður á rekstri VM – FIT.** Formaður lagði fram til samanburðar rekstrarreikninga VM og FIT. Alltaf hollt að bera saman hlutina.
12. **Skrifstofa VM.** Ákveðið var að ráða inn nýjan bókara vegna álags núverandi bókara sem kemur vegna aukins álags á sjúkrasjóð félagsins..
13. **Önnur mál.**
 - Lagt fram til upplýsinga skjal sem sýnir aldursdreifingu félagsmanna VM, og bréf sem Gildi sendi Alþingi varðandi lækkun á framlagi til jöfnunar örorkubyrgðar lífeyrissjóðanna.
 - Spurt var hvernig væri með félagsmenn sem flyttu til Noregs, hvernig getum við náð þeim til baka. Upplýst var að menn sem starfa erlendis séu sumir að greiða áfram í félagið. Greiði þá allan pakkann til að halda réttindum. Til eru reglur um þetta á skrifstofunni.
 - Núna eru breytingarnar á lífeyriskerfinu að fara í gegnum þingið. Svo virðist sem ekkert hafi verið skoðað að lækka ávöxtunarpósentuna bara stefnt á að hækka aldurinn í 70 ár. Með því að lækka ávöxtunarkröfuna þá lækka allir en með þessari leið lækka aðeins þeir sem eru veikastir. Sameinaði Lífeyrissjóðurinn er búinn að reikna þetta þ.e. áhrif lækkunar ávöxtunarkröfu.
 - Fundi slitið kl. 15:25